



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarstjórna

Reykjavík 17. apríl 2019

1904020SA KB
Málalykill: 00.58

Efni: Lög um opinber innkaup taka að fullu gildi 31. maí 2019

Athygli sveitarstjórna er vakin á því að lög um opinber innkaup nr. 120/2016 taka að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum frá og með 31. maí 2019. Það þýðir að frá þeim tíma gilda viðmiðunarreglur laganna um útboðsskyldu sveitarfélaga. Hafi sveitarstjórn samþykkt innkaupareglur þarf að ganga í skugga um að þær séu í samræmi við lög, m.a. varðandi viðmiðunarfjárhæðir útboða.

Frá og með 31. maí 2019 er viðmiðunarfjárhæð vegna útboðsskyldu innkaupa sveitarfélaga eftirfarandi:

Tegund innkaupa	Ekki útboðsskyld	Útboðsskyld innanlands	Útboðsskyld á EES-svæðinu
Vöru og þjónustukaup	0 - 15.499.999 kr.	15.500.000 – 28.752.099 kr.	28.752.100 kr. og yfir
Verkframkvæmdir	0 – 48.999.999 kr.	49.000.000 – 721.794.799 kr.	721.794.800 kr. og yfir

Til að auðvelda sveitarfélögum að aðlagast nýju landslagi við innkaup hefur Samband Íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Ríkiskaup sett saman námskeið um opinber innkaup sem fer fram 6. maí nk. Allar nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á vefsvæði sambandsins, www.samband.is. Þar má einnig finna greinargóðar upplýsingar um innkaupamál sveitarfélaga ásamt svörum við ýmsum algengum spurningum.

Sveitarfélög eru hvött til þess að gefa starfsfólki er vinnur við innkaupamál tækifæri til að sækja námskeiðið og þannig gera því betur kleift að vera undirbúið fyrir breytingarnar fram undan. Þar verður meðal annars farið yfir samstarf sveitarfélaga og Ríkiskaupa og hvernig hægt er að þróa það samstarf til hagsbóta fyrir alla aðila.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins (bryndis@samband.is).

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

Sviðstjóri lögfræði- og velferðarsviðs